

Akraneskaupstaður

Stillholti 16-18
300 Akranes

Sauðárkrókur, 22. nóvember 2021

202111159

6.5

PH

Efni: Úttekt á Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) tryggir samræmingu eldvarnareftirlits og slökkvistarfs um land allt. Í því skyni skal stofnunin gera sjálfstæðar athuganir og úttektir með því að leiðbeina sveitarstjórnnum um þær kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og starfsemi slökkviliða samkvæmt 6. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.


HMS framkvæmdi úttekt á Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar þann 1. nóvember. Markmiðið var að staðreyna hvort framkvæmd starfs slökkviliðsins væri í samræmi við lög um brunavarnir, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og brunavarnaáætlun sveitarfélagsins og koma á framfæri leiðbeiningum til sveitarstjórnarinnar um það sem betur mætti fara eftir því sem við á.


Til samræmis við áskilnað í 6. gr. laga um brunavarnir var leitað umsagnar slökkviliðsstjóra við úttektina og við niðurstöður hennar var tekið tillit til fenginna athugasemda hans. Hjálagt fylgir niðurstaða og leiðbeining um þau atriði sem þarfnast úrbóta. HMS leggur til að ráðist verði í nauðsynlegar úrbætur og er þess farið á leit við sveitarstjórn að HMS berist áætlun um úrbætur við athugasemdum stofnunarinnar.

Mælst er til þess að slökkviliðsstjóri sitji undir þessum lið á sveitarstjórnarfundi.

Telji HMS að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum um brunavarnir eða reglugerðum settum samkvæmt þeim ber stofnuninni að undangenginni viðvörðun til sveitarstjórnar að tilkynna það til ráðuneytis, sbr. 33. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.
brunavarnir nr. 75/2000.




Virðingarfyllt,
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar


Þorlákur Snær Helgason,
sérfræðingur á brunavarnasviði


Stefán Arnason,
sérfræðingur á brunavarnasviði

Afrit sent: Hvalfjarðarsveit
Slökkviliðsstjóra

Hér fyrir neðan eru samandregnar þær athugasemdir sem gerðar voru við úttektina. Litakóði í mati gefur til kynna alvarleika athugasemda að mati sérfræðinga HMS.

	Lítið frávik
	Þarfnast úrbóta
	Ekki í lagi

Athugasemdir vegna húsnæðis:

Atriði	Mat	Lýsing
Hefur vinnueftirlitið framkvæmt úttekt á húsnæðinu	Lítið frávik	Vinnueftirlitið hefur ekki komið lengi til að taka slökkvistöðina út.
Er aðstaða til að þrifa mannskap	Þarfnast úrbóta	Ekki er til staðar góð aðstaða til að þrifa mannskap á slökkvistöð. (sjá mynd 1) Ákjósanlegast væri að hafa böð og afeitrunar aðstöðu til staðar fyrir slökkviliðsmenn eftir útköll.
Plássþörf slökkvistöðvar skv. leiðbeiningum 6.086	Þarfnast úrbóta	Slökkvistöðvar þurfa að uppfylla kröfur um vinnustaði varðandi kaffistofu, snyrtingar og böð. Það er ekki góð kaffistofa til staðar á slökkvistöðinni. (sjá mynd 2) og það er engin skrifstofuaðstaða fyrir eldvarnareftirlitsmann, hann er með skrifstofu í sameiginlegu fundarrými með björgunarsveit (sjá mynd 3).
Er slökkviliðið í sérstöku brunahólfi minnst EI60	Ekki í lagi	Það er rof í eldvarnarhurð (sjá mynd 4) og spurning hvort gler á milli brunahólfa uppfylli kröfur. (sjá mynd 5)

Athugasemdir vegna reksturs slökkviliðs

Atriði	Mat	Lýsing
Uppfyllir sveitastjórn kröfur varðandi starfsemi slökkviliðsins	Þarfnast úrbóta	Ekki hefur verið endurnýjuð körfubifreið sem var skráð ónothæf árið 2019. Húsnæði á útkallsvæði krefjast þess að körfu eða stigabifreið sé til staðar. Miðað við íbúafjölda í sveitarfélaginu ætti slökkviliðið að hafa mannaða útkallseiningu á dagvinnutíma. Slökkviliðið er á vegum sveitarfélagsins og sveitarfélaginu er skylt að sjá um að starfsemi slökkviliðs fullnægi kröfum samkvæmt lögum um brunavarnir nr.75/2000

Er slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans ávallt á vakt/bakvakt	Parfnast úrbóta	Slökkviliðstjóri eða staðgengill eru á bakvakt í viku og viku en fá ekki greitt fyrir bakvakt á virku dögum.
Er til staðar gild brunavarnaáætlun	Ekki í lagi	Brunavarnaráætlun er ekki til staðar Er í vinnslu skv. slökkviliðsstjóra
Framkvæmdaráætlun brunavarnaráætlunar	Parfnast úrbóta	Framkvæmdaráætlun eldri brunavarnaráætlunar stóðst ekki varðandi búnaðarkaup og mannráðningar. Koma þyrfti upp skýrri framtíðarsýn í aðbúnaðarmálum slökkviliðs.
Eru slökkviliðsmenn á vakt/bakvakt eftir föstu skipulagi	Lítið frávik	Slökkviliðsmenn eru á bakvöktum um helgar á sumrin og um áramót en þess á milli er enginn bakvakt eftir föstu skipulagi.
Er upplýsingum um rekstur slökkviliðs skilað til HMS fyrir 1. maí ár hvert, sbr. 8 gr. reglugerðar nr. 747/2018	Lítið frávik	Upplýsingum um rekstur slökkviliðs er ekki skilað til HMS. Með rekstri er átt við sambærilega skýrslu og gefin er árlega til sveitarfélags, þar sem dregin er saman tölfraedi ársins.
Er næginlegt vatn og vatnsþrýstingur fyrir hendi til slökkvistarfs	Parfnast úrbóta	Akranes: Ástand mjög gott Hvalfjarðarsveit: <i>Þéttbýlisstaðir</i> - almennt í lagi en mætti bæta <i>Dreifbýli</i> - á nokkrum stöðum góðir brunahanar en víða er vatnsöflun bundin við vötn og læki <i>Sumarhúsabyggðir:</i> Vatnsöflun almennt bundin vötn og læki
Hefur slökkvilið viðeigandi búnað og þjálfun í skyndihjálpi	Parfnast úrbóta	Slökkvilið hefur ekki hjartastuðtæki til að bregðast við vegna óhappa við reykköfun sbr. reglugerð
Er til neyðaráætlun um hvernig bregðast skuli við slysum og öðrum hugsanlegum neyðaratvikum við reykköfun, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 1088/2013	Parfnast úrbóta	Áætlunin er ekki til skrifleg og því ekki aðgengileg.

Athugasemdir vegna þjálfunar mannskaps:

Engin athugasemd

Athugasemdir vegna hlífðarföt og búnað

Atriði	Mat	Lýsing
Ástand hlífðarfátnaðar	Lítið frávik	Klára þyrfti endurnýjun á hjálmum fyrir alla í útkallsliði.
Vökvaknúinn björgunarverkfæri	EKKI Í lagi	Glussaslöngur eru kominn á aldur (yfir 10 ára gamlar) og hafa ekki verið þrýstiprófaðar. (sjá mynd 6)

Athugasemdir vegna reykköfunarbúnaðar:

Atriði	Mat	Lýsing
Hafa reykköfunartæki farið í skoðun hjá viðurkenndum aðila	EKKI Í lagi	Reykköfunartæki eru komin á tíma fyrir skoðun. Eru á leið í skoðun skv slökkviliðsstjóra
Er haldin skrá yfir rekstur loftpressu	Þarfnast úrbóta	EKKI er haldin skrá yfir rekstur loftpressu.

Athugasemdir vegna eldvarnareftirlits:

Atriði	Mat	Lýsing
Fer nægjanlegur hluti af heildarframlagi sveitarfélags til slökkviliðs í forvarnir og eftirlit	Þarfnast úrbóta	Eins og staðan er í dag kemst eldvarnareftirlit ekki yfir eftirlitsáætlun ársins.
Er búið að gefa út eftirlitsáætlun ársins og gera aðgengilega inn á heimasíðu sbr, reglugerð. nr. 723/2017	Lítið frávik	Búið er að gera áætlun en ekki birta á heimasíðu.

<p>Fær slökkviliðsstjóri tilkynningu um umfangsmikla geymslu á eitraðri og ætandi vöru, eldnærandi efnum, gasi undir þrýstingi o.þ.h. Sem við eldsvoða getur haft í för með sér sérstaka hættu</p>	<p>Þarfnast úrbóta</p>	<p>Vantar frekari upplýsingar. T.d. vegna umfangsmikillar starfssemi í sveitarfélaginu. Svo sem færanlegar malbikunarstöðvar og svo framvegis. Sveitarfélag skal upplýsa byggingaraðila og aðra stórtæka verktaka um tilkynningaskyldu þeirra, gagnvart slökkviliðsstjóra, í sambandi við umfangsmikla geymslu á hættulegum og/eða eldnærandi efnum sem kann að fylgja starfsemi þeirra.</p>
--	------------------------	--

Athugasemdir vegna ökutækja:


Atriði	Mat	Lýsing
<p>Aldur bifreiða slökkviliðs</p>	<p>Þarfnast úrbóta</p>	<p>Aldur tankbifreiðar (NG-363) og dælubifreiðar (E2901) er ekki í samræmi við leiðbeiningar um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar slökkviliða. (sjá myndir 7 og 8)</p>




Mynd 1




Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4



Mynd 5



Mynd 6



Mynd 7



Mynd 8